

Sjálfbærniverkefni – framvinda 2013

Hér á eftir verður gerð grein fyrir framvindu Sjálfbærniverkefnis Landsvirkjunar og Alcoa Fjarðaáls á árinu 2013.

Umsjón verkefnisins

Austurbrú tók við umsjón verkefnisins í janúar 2013 af Þekkingarneti Þingeyinga (ÞÞ) og var samningur um verkefnið undirritaður 8. janúar 2013.

Fyrr sama dag höfðu fulltrúar ÞÞ ásamt fulltrúum samningsaðila farið yfir verkefnið og fékk Austurbrú afhentan minnislykil með gögnum verkefnisins.

Starfsmenn verkefnisins fyrir hönd Austurbrúar voru tilnefndir: Katrín María Magnúsdóttir (verkefnisstjóri), Guðrún Áslaug Jónsdóttir og Sigrún Víglundsdóttir.

Í kjölfar fundarins fengu Katrín María og Sigrún aðgang að vefnum www.sjalfbaerni.is. Ásgeir Eggertsson sérfræðingur á upplýsingasviði Landsvirkjunar bauð starfsmönnum verkefnisins kennslu á vefumhverfið og fór hún fram í gegnum fjarfundabúnað. Ásgeir var starfsmönnum áfram innan handar með málefni vefsins.

Ársfundur

Ársfundur Sjálfbærniverkefnisins 2013 var haldinn 7. maí í Fróðleiksmolanum á Reyðarfirði. Tæplega 50 manns sóttu fundinn, þar á meðal fréttamenn frá öllum helstu fjölmiðlum á Austurlandi. Ársfundurinn og verkefnið fengu heilmikla umfjöllun í þættinum *Stiklur að Austan* sem sjónvarpsstöðin N4 sendir út.

Hugi Ólafsson, skrifstofustjóri í Umhverfisráðuneyti var gestafyrirlesari og fræddi hann fundargesti um stöðu og hlutverk Íslands í loftslagsbreytingum. Kynntar voru helstu niðurstöður úr mælingum nýliðins árs á vísun Sjálfbærniverkefnisins. Meðal þess sem kynnt var voru niðurstöður síðasta árs um losun gróðurhúsalofttegunda og flúor í gróðri í Reyðarfirði, vatnsyfirborð Lagarflióts, rof árbakka og vatnalíf í Lagarflióti, talning fugla og hreindýra og samfélagslegir þættir sem mældir eru í verkefninu.

Kynningar af ársfundi eru aðgengilegar á vef verkefnisins sem og helstu niðurstöður úr hópastarfi.

Stýrihópur verkefnisins

Stýrihópur verkefnisins skipa í lok árs 2013

- Árni Óðinsson fyrir Landsvirkjun – tók við af Georg Þór Pálssyni á árinu.
- Björgólfur Thorsteinsson fyrir Landvernd
- Freyr Ævarsson fyrir Fljótsdalshérað – tók við af Birni Ingimarssyni á árinu
- Geir Sigurpáll Hlöðversson fyrir Alcoa Fjarðaál
- Páll Björgvin Guðmundsson fyrir Fjarðabyggð

Kynningar

Starfsmenn Austurbrúar stóðu fyrir eftirtöldum kynningum á árinu fyrir utan ársfundinn.

- Katrín María kynnti verkefnið á fundi í Rótarýklúbbi Héraðsbúa í febrúar.
- Katrín María og Sigrún kynntu verkefnið í innanhússfræðslu Landsvirkjunar í júní. Erindið var sent í fjarfundi frá Fljótsdalsstöð.
- Guðrún skrifaði grein um verkefnið sem birtist í fréttablaðinu Austurland í ágúst 2013.
- Í september fóru Sigrún og Guðrún á Vísindavöku og voru með bás þar sem verkefnið var kynnt. Fyrir þá ferð voru útbúin tvö veggspjöld sem geta nýst verkefninu áfram til kynningar.

Vefurinn

Nokkrar breytingar voru gerðar á vefnum. Vefurinn var tvískiptur þ.e. Austurlandsverkefni og Norðurlandsverkefni þegar Austurbrú tók við umsjón verkefnisins. Norðurlandsverkefnið var tekið út á vordögum eftir að stýrihópur hafði samþykkt þá breytingu. Á móti var bætt við flípanum „sjálfbærnimælingar“ sem sendir gesti síðunnar beint á niðurstöður sjálfbærnivísa enda eru þeir hjarta verkefnisins.